

3

21. jan.

**KONUNGSBRÉF**

um setning Alþingis.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,  
Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Vér viljum hér með veita yður sem forsætisráðherra  
Vorur umboð til þess í Voru nafni að setja Alþingi, er koma á saman til  
fundar miðvikudaginn 15. febrúar 1933.

*Gjört á Amalíuborg, 21. janúar 1933.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Ásgeir Ásgeirsson.*

4

6. febr.

**KONUNGLEG AUGLÝSING**

um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,  
Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Þareð Vér erum á förum til útlanda, viljum Vér sam-  
kvæmt lögum 11. febrúar 1871, sbr. 3. gr. dansk-íslenzkra sambandslaga,  
að ríkisstjórn í fjarvist Vorri sé falin á hendur ríkisarfanum.

Því birtum Vér hérmeð Vorur kæru og trúu þegnum, að hans konunglega  
tign krónprins Christian **Frederik** Franz Michael Carl Valdemar Georg tekur við  
ríkisstjórn í Voru nafni frá þessum degi þangað til Vér komum heim aftur.

*Gjört á Amalíuborg, 6. febrúar 1933.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Ásgeir Ásgeirsson.*